



## FRAMKVÆMDALEYFI byggt á reglugerð nr. 772/2012.

fyrir efnistöku í Lambafelli, landi Breiðabólstaðar í Sveitarfélaginu Ölfusi. Framkvæmdaraðili Eden Mining ehf.

Sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags sbr. 1. mgr. eða á grundvelli 8. og 9. gr. reglugerðar þessarar og fylgja umsókn yfirlitsmyndir sem sýnir staðsetningu og afmörkun framkvæmdasvæðis og úrdráttur úr aðalskipulagi sem sýnir afmörkun framkvæmdasvæðis. Umsókninni fylgja upplýsingar um veitur, aðkomu og aðstæður á framkvæmdasvæði, þ.m.t. hvort um sé að ræða hættusvæði eða náttúruverndarsvæði eða hvort á svæðinu séu náttúruyfyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Bæjarstjórn Ölfuss samþykki á grunni heimildar í skipulagslögum að gefa út framkvæmdaleyfi með þeim skilmálum sem fram koma í álit Skipulagsstofnunar við matskýrslu vegna efnistöku í Bolaöldum. **Matsgögnin unnin** í maí 2009 um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku að heildarmagni um 12-15.000.000 m<sup>3</sup> yfir 30 ára tímabil, eða um 4-5000 m<sup>3</sup> á ári. Efnistakan hefur fengið meðferð skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir, dagsett 22. júní 2009. Fram kemur að áhrif verða neikvæð á landslag og jarðmyndanir. Til mótvægis við neikvæð áhrif kemur að efnistaka úr aðliggjandi efnistökusvæðum í Lambafelli er í samræmi við markmið stjórnvalda að hafa efnisnámur fremur fáar og stórar í stað margra minni náma. Skipulagsstofnun telur ekki líklegt að efnistakan muni hafa neikvæð áhrif á grunn- og neysluvatn, en stofnunin hvetur til þess að við starfsleyfisgerð verði hugsað fyrir ráðstöfunum til að hætta á mengunarslysum verði í algjöru lámarki. Skipulagsstofnun minnir á að áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið ráðast að miklu leyti af því að þeirri verktilhögun sem kynnt hefur verið í matsskýrslu verði fylgt eftir á starfstíma. Deiliskipulag fyrir námasvæðið hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda, nr. 1269/2012. Eden Mining ehf hafa þegar hafið undirbúning að því að afla starfsleyfis fyrir starfseminu í námunni frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við reglugerð nr. 785/1999.

Samþykkt eru framlögð gögn.

1. Eden Mining ehf er framkvæmdaaðili.
2. Framkvæmdin nær yfir afmarkað svæði til efnisvinnslu, samkvæmt mynd 2.3 í matsskýrslu.
3. Framkvæmdaleyfið er byggt á deiliskipulagi sem unnið er í samræmi við staðfest aðalskipulag Ölfuss samþykkt 21. desember 2012.
4. Í gögnum með umsókninni um framkvæmdaleyfi er framkvæmdinni lýst og hvernig gengið verður frá framkvæmdasvæðinu í lok verksins.
5. Umsóknin um framkvæmdaleyfið er dagsett 1. apríl 2014
6. Fyrir liggur samþykkt bæjarstjórnar á deiliskipulaginu og framkvæmdum við efnisvinnsluna.
7. Gildistími framkvæmdaleyfis verður í samræmi við starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gefur út.
8. Eden Mining ehf eru skráð fyrir umsókn um framkvæmdaleyfið.
9. Álit Skipulagsstofnunar, um mat á umhverfisáhrifum námunnar, dagsett 22. júní 2009, liggur fyrir.
10. Framkvæmdin sem framkvæmdaleyfið er veitt fyrir, skal samræmast samþykktum hönnunargögnum, sem vísað er í hér að neðan.
11. Verði brugðið út frá samþykktum hönnunargögnum við framkvæmdina, skal tilkynna það leyfisveitanda og einnig Skipulagsstofnun ef framkvæmd fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

## Meðfylgjandi gögn:

1. Yfirlitsmynd, er sýnir námasvæðið. Í matsskýrslu er yfirlitsmynd og einnig liggur fyrir deiliskipulag.
2. Afstöðuuppdráttur er á deiliskipulagsuppdrætti.
3. Greinargerð með lýsingu á framkvæmd og hvernig framkvæmd fellur að gildandi skipulagsáætlun og mati á umhverfisáhrifum.
  - a. Lýsing á framkvæmdinni er að finna í kafla 2 í matsskýrslu og á deiliskipulagsuppdrætti.
  - b. Aðalskipulag Ölfuss sýnir umrætt svæði til efnisvinnslu og er framkvæmdaleyfið í samræmi við staðfest aðalskipulag.
  - c. Afmörkun, vinnsluáætlun og annað í deiliskipulagi efnistöku úr Lambafelli, landi Breiðabólstaðar er í samræmi við efnistöku eins og hún hlaut umfjöllun í mati á umhverfisáhrifum og ósk um framkvæmdaleyfi.
  - d. Á bls. 9 í álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar er niðurstaða Skipulagsstofnunar.
4. Matsskýrsla efnistöku í Lambafelli, landi Breiðabólstaðar í Ölfusi, dagsett maí 2009
5. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum námunnar, dagsett 22. júní 2009

Framkvæmdaleyfi bæjarstjórnar Ölfuss er kæránlegt til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála og er kærufrestur einn mánuður frá birtingu auglýsingar í landsmálablaði sem birtist 5. apríl 2014. Meðferð er samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010. Afgreiðsla á framkvæmdaleyfinu er byggð á heimild í aðalskipulagi.

Framkvæmdarleyfisgjald er í samræmi við gjaldskrá sveitarfélagsins.

Framkvæmdaleyfi þetta fellur úr gildi ef framkvæmdir hafa ekki hafist innan 12 mánaða frá 5. apríl 2015.

Þorlákshöfn þann 1. apríl 2014

---

Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi

Framkvæmdaleyfið gefið út í samræmi við gögn sem fylgja með.